

Priðjudaginn 17. maí 1988.

Nr. 2/1988.

**Alþýðusamband Íslands
f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands
f.h. Félags rafeindavirkja
vegna Ágústs Victorssonar**

(Guðni Á. Haraldsson hdl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og samgönguráðherra vegna
Póst- og símamálastofnunar**

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Kjarasamningur. Námskeið. Framhaldsmenntun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Gunnar Guðmundsson og Viðar Már Matthíasson.

Málið, sem tekið var til dóms 10. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 7. mars sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, Háaleitisbraut 68, Reykjavík f. h. Félags rafeindavirkja, til heimilis að sama stað, vegna Ágústs Victorssonar, nnr. 0147-5347, Álfheimum 38, Reykjavík.

Stefndu eru fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samgönguráðherra fyrir hönd Póst- og símamálastofnunar.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að Ágúst Victorsson eigi rétt á eins launaflokks hækkun skv. gr. 2.2. í kjarasamningi aðila frá 30. maí 1987 og bókun nr. 5 með sama samningi vegna þátttöku hans í eftirtöldum námskeiðum:

a) Telenorma TR:40	40 tímar
b) EB Fox símakerfi	40 tímar
c) EB Fox símsstöðvar	40 tímar
d) Alcatel símsstövar	45 tímar
e) Rafiðnaðarskólinn, örtölva	40 tímar
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að hækkun skv. 1. kröfulið eigi að miðast við 1. maí 1987.

3. Að stefndu verði dæmdir til þess að greiða stefnanda málskostnað að mati réttarins.

Dómkröfur stefndu eru þessar:

1. Að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum sóknaraðila.
2. Að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða varnaraðilum málskostnað eftir mati réttarins.
3. Varakrafa stefndu er, að málskostnaður verði felldur niður.

I.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að hinn 30. maí hafi verið undirritaður kjarasamningur milli annars vegar Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarféлага rafvirkja og rafeindavirkja og hins vegar fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Samkvæmt grein 11.2. skyldi samningurinn gilda frá 1. mars 1987 til 31. desember sama ár. Samningur þessi taki til rafiðnaðarmanna, sem séu fullgildir félagsmenn í Rafiðnaðarsambandi Íslands (RSÍ) og starfi hjá stofnunum ríkisins. Í II. kafla samningsins gr. 2.2. sé eftirfarandi ákvæði:

„2.2. Röðun í launaflokka.

- 2.2.1. 1. flokkur: Almennir rafiðnaðarmenn.
2. flokkur: Almennir rafiðnaðarmenn með þriggja ára sveinsbréf.
3. flokkur: Rafiðnaðarfræðingar og rafiðnaðarmenn með viðbótarmenntun og rafiðnaðarmenn, sem eru faglega ábyrgir gagnvart rafveitu og Rafmagnseftirliti ríkisins.“

Um hafi verið að ræða nýja launaflokkaröðun. Skv. eldri samningi aðila röðuðust rafiðnaðarmenn í 32., 34. og 35. launaflokk. Með samningi aðila var gerð bókun, sem auðkennd var númer 5: „Sem viðbótarmenntun rafiðnaðarmanna í 3. launaflokki skal telja námskeið, sem ætluð eru til framhaldsmenntunar í iðngreininni. Námskeiðin skulu vera a.m.k. 160 kennslustundir samtals og hvert og eitt eigi skemmra en 40 klukkustundir. Námskeiðum, sem metin eru, skal hafa lokið með prófi eða öðrum fullnægjandi hætti.“

Bókun þessi hafi átt að fela í sér skilgreiningu á hugtakinu „viðbótarmenntun“ skv. skilgreiningu 3. launaflokks. Samkomulag hafi verið um, að bókun þessi næði til námskeiða, er rafiðnaðarmenn hefðu tekið þátt í fyrir gerð samningsins. Launaflokkahækkun skv.

Þessu hafi átt að taka gildi frá 1. mars 1987, sbr. gr. 11.2. í samningi aðila.

Stefnandi kveður framkvæmd framangreindra ákvæða hafa dregist af hálfu stefndu. Hinn 20. okt. 1987 sendi lögmaður stefnanda Póst- og símamálastofnun bréf, þar sem krafist var leiðréttingar vegna þriggja félaga í Félagi rafeindavirkja. Í framhaldi af því hafi farið fram viðræður milli RSÍ og fulltrúa Vinnumálanefndar ríkisins (VMNR). Fram hafi verið lögð tillaga VMNR að samkomulagi um túlkun á framangreindri bókun. Þar hafi verið sett fram eftirfarandi skilgreining á hugtakinu viðbótarnám:

„Allt nám í rafvirkjun/rafeindavirkjun að loknu viðurkenndu iðnnámi gefi *rétt til* flokkahækkunar að því tilskildu, að því ljúki með prófi eða öðrum viðurkenndum hætti, svo sem verklegri æfingu. Þetta tekur þó ekki til faggreina, sem rafvirki/rafeindavirki leggur stund á til undirbúnings meistaraþrófi í faggrein sinni.

Ef um er að ræða nám, sem í dag er búið að fella inn í iðnnám rafvirkja/rafeindavirkja, skal meta það að hálfu, ef 3 ár eru liðin, síðan viðkomandi rafeindavirki/rafvirki lauk því námi.

Undanskilið viðbótarnámi í ofangreindum skilningi er starfsþjálfun, sem starfsmaður sækir á vegum stofnunar og ætlað er að auka hæfni hans í starfi.“

Í framhaldi af viðræðum aðila hafi VMNR síðan sent Póst- og símamálastofnun bréf, dagsett 7. des. 1987, þar sem fram voru settar einhliða reglur VMNR varðandi mat á viðbótarmenntun skv. bókun 5 í kjarasamningi aðila.

Þar hafi m.a. komið fram, að námskeið á vegum Pósts og síma gætu veitt rétt til launaflokkahækkunar, en að það væri lagt undir mat stofnunarinnar hverju sinni. Þar hafi og verið skýrt tekið fram, að námskeið á vegum Póst- og símamálastofnunar, er veittu námsréttindi í rafeindavirkjun, teldust ekki viðbótarmenntun í skilningi bókunar nr. 5. Sama ætti og að gilda um önnur námskeið, er miðuðust við efni, sem nú væri orðið hluti af því námsefni eða kröfum, er gerðar væru til veitingar starfsréttinda.

Í bréfi þessu hafi og komið fram þrátt fyrir orðalag greinar 11.2., að hækkun vegna viðbótarmenntunar skyldi gilda frá 1. júní 1987, væru fullgild námskeiðsgögn afhent stofnuninni fyrir árslok 1987, en ekki frá þeim tíma, er fullnægjandi námskeiðsgögn væru afhent.

Hinn 29. desember 1987 hafi RSÍ ritað póst- og símamálastjóra bréf vegna 24 félagsmanna Félags rafeindavirkja, sem ekki höfðu fengið hækkun, er að mati RSÍ uppfylltu öll skilyrði til hækkunar. Í svarbréfi Póst- og símamálastofnunar, dags. 5. jan. 1988, hafi komið fram, að 7 af þeim 24, sem tilteknir voru í bréfi RSÍ, höfðu þegar fengið þær hækkanir, er um ræðir. Tekið hafi verið fram, að skv. mati stofnunarinnar með hliðsjón af reglum VMNR hafi aðrir félagsmenn FR ekki fullnægt skilyrðum til hækkunar. Með bréfi lögmanns RSÍ, dags. 28. janúar, hafi svo verið krafist leiðréttingar vegna þeirra 17 manna, þar á meðal Ágústs Victorssonar, er ekki höfðu fengið hækkun, þrátt fyrir það að þeir hafi á þeim tíma skilað inn öllum nauðsynlegum gögnum. Í svarbréfi Pósts- og síma hafi enn verið ítrekuð fyrri afstaða og neitað um launaflokks-hækkun, m.a. vegna Ágústs Victorssonar.

Rétt þykir að gera grein fyrir þeim samningum, er í gildi eru milli aðila. Fyrsti samningur aðila er gerður 19.06. 1986. Áður höfðu rafeindavirkjar hjá Pósti og síma verið í Félagi ísl. símamanna. Í samningnum frá 19. júní var tekið fram, að hann gildi ásamt fyrri samningum RSÍ og VSÍ frá 12. mars 1984 með síðari breytingum. Í þeim samningum voru ákvæði um röðun rafiðnfræðinga og starfsmanna með hliðstæða menntun í efsta launaflokk.

Samkvæmt þeim var rafiðnaðarmönnum raðað í hið alm. launaflokkakerfi ASÍ og vinnuveitenda, nánar tiltekið í 32., 34. og 36. lfl.

Með samningi aðila, er gerður er 30. maí 1987, verði breyting á launaflokkaskipan. Launaflokkar verða þrír, sbr. gr. 2.2., og sá samningur er sérstaklega útbúinn sem samningur rafiðnaðarmanna, sem þá voru fullgildir félagar í RSÍ og starfa hjá stofnun ríkisins, sbr. gr. 1.1.

Ágúst Victorsson taki laun skv. samningnum frá 30. maí 1987 skv. 2. lfl. Hann hafi 15 ára starfsaldur hjá stofnuninni í ágúst nk. Hann hafi öðlast sveinsbréf 1. maí 1984 og meistara réttindi tveimur árum síðar. Ágúst starfi sem rafeindavirki við uppsetningu símstöðva hjá stærri fyrirtækjum og stofnunum. Hann hafi aflað sér viðbótar menntunar með þátttöku í námskeiðum, sem öll nýtist honum í hans vinnu. Um námskeið þessi kveðst stefnandi vísa nánar til dómskjala í málinu.

Málsástæður og lagarök.

Því er haldið fram, að með þátttöku sinni í þeim námskeiðum,

er um ræðir, hafi stefnandi Ágúst Victorsson fullnægt þeim skilyrðum, er fram koma í gr. 2.2. í samningi aðila um viðbótar-menntun, sbr. bókun nr. 5 með sama samningi, og því eigi hann rétt á að fá eins launaflokks hækkun, þ.e. að taka laun skv. 3. lfl. samnings aðila frá 30. maí 1987. Þessu til stuðnings bendir stefnandi á eftirfarandi:

- a) Þau námskeið, er um ræðir, tilheyri öll starfi því, er um ræðir, nýtist til fulls við þá vinnu, er stefnandi Ágúst vinni hjá stefndu.
- b) Um sé að ræða framhaldsmenntun í iðngreininni. Sé í því sambandi vitnað til námskrár í rafeindavirkjun við Póst og símaskólan og skv. reglugerð um iðnnám nr. 558/1981.
- c) Stefnandi Ágúst Victorsson sé með sveinsbréf í rafeindavirkjun frá 1. maí 1984 og uppfylli því skilyrði um hækkun í 3. lfl.
- d) Þau námskeið, er hann hafi farið á og hann byggir kröfu sína á, séu öll a.m.k. 40 kennslustundir og samanlagt meira en 160 kennslustundir.
- e) Námskeiðum þessum hafi verið lokið með fullnægjandi hætti með mætingu á þau, með viðurkenningarskjölum og lokaæfingum.
- f) Stefnandi hafi sótt öll námskeið, að undanskildu námskeiði í örtölvutækni, á vegum Pósts og síma.
- g) Þeir starfsmenn stefndu, er fengið hafa hækkun skv. bókun 5, hafi flestir fengið þau út á námskeið, er þeir fóru á vegum Pósts og síma.

Túlka beri orðalag gr. 2.2. og bókunar nr. 5 í samningi aðila skv. orðanna hljóðan, og eigi það að leiða til þess, að kröfur stefnanda séu teknar til greina. Ekki sé hægt að fallast á þann skilning, er fram kemur í tillögu VMNR, dags. 10. nóv. 1987, að þátttöku verði að ljúka með verklegri æfingu. Á sama hátt sé ekki hægt að fallast á, að nám til undirbúnings meistarprófi sé undanþegið. Einnig er ekki hægt að fallast á, að þjálfunarnámskeið, sem starfsmenn fara í á vegum stofnunarinnar, sé undanskilið, því að slíkt nám hefur verið viðurkennt af henni áður, sbr. og bréf VMNR, dags. 7. des. 1987, 3. mgr.

Stefnandi leggur áherslu á það, að við gerð kjarasamningsins hafi aldrei legið fyrir sjónarmið þau, sem stefndu haldi fram í máli þessu. Hér fyrir dóminn hafi komið menn, sem verið hafi í samninganefndinni, og hafi þeir borið, að aldrei hafi verið minnst á

framhaldsmenntun og símenntun, aldrei hafi verið orðað, að námskeið á vegum Pósts og síma ættu ekki að teljast með, og ekki hafi verið annað í huga manna en samningsákvæðið ætti að vera sambærilegt við kjarasamningsákvæði Félags íslenskra símamanna og hafi verið orðað með það í huga. Forsaga kjarasamningsins skipti hér verulegu máli varðandi túlkun á þessu umdeilda ákvæði og bókuninni.

II.

Stefndu kveða málavexti óumdeilda og vísa til málavaxtalýsingar stefnanda og framlagðra málskjala.

Málsástæður og lagarök stefndu eru þessi:

Af hálfu stefndu sé því haldið fram, að sóknaraðilinn Ágúst Victorsson uppfylli ekki skilyrði skv. grein 2.2. í kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands og fjármálaráðherra til að taka laun skv. 3. lfl. Umrædd grein kjarasamningsins beri yfirskriftina: Röðun í launaflokka. Launaflokkar skv. greininni séu þrír. Í hæsta flokkinum, 3. fl., séu m.a. *rafiðnaðarmenn með viðbótarmenntun*. Viðbótarmenntun í merkingu kjarasamningsins hafi Ágúst ekki og eigi því ekki rétt á hæsta launaflokki.

Bókun nr. 5 í sama kjarasamningi sé ætluð til fyllingar og skýringar á nefndu ákvæði. Í henni sé „*Viðbótarmenntun*“ m.ö.o. skýrð sem „*framhaldsmenntun*“. Þeirrar menntunar sé aflað á námskeiðum, sem standi yfir tiltekinn lágmarksstundafjöldi hvert. Þeim skuli ljúka með prófi eða öðrum fullnægjandi hætti.

Alveg sé ljóst, að það séu ekki hvers kyns námskeið, sem undir þetta falla. Ef það hefði verið ætlunin, hefði verið einfalt að orða samningsákvæðið og bókunina þannig. Það sé þannig ljóst, að einungis sum námskeið, en ekki önnur, geti veitt rétt til hæsta launaflokks. Að því hafi beinlínis verið stefnt.

Ekki verði hjá því komist, að rafeindavirkjar sækja almennt námskeið í sínu fagi. Tæknibreytingar séu mjög örar, og þeim sé nauðsynlegt að fylgjast með nýjungum, sem fram koma. Kennsla í þessum efnum gerist með margvíslegum hætti, en þó einkum á vegum Endurmenntunarskóla Rafiðnaðarsambandsins eða á vegum Póst- og símamálastofnunar, með eða án aðildar erlendra framleiðenda. Námskeiðin eru margvísleg, að því er varðar lengd og námsefni.

Hinu umdeilda samningsákvæði hafi verið ætlað að greina á milli annars vegar *framhaldsmenntunar* og hins vegar *símenntunar*. Hið

síðarnefnda miði að því að halda við þekkingu með hliðsjón af nýrri tækni. Það sé í eðli sínu þannig, að það sé eðlilegur þáttur í námi þeirra, sem á hverjum tíma vinni að því að öðlast réttindi rafeindavirkja. Hið fyrrnefnda aftur á móti miði að öflun þekkingar þar fram yfir.

Mörkin þarna á milli séu ekki ætíð glögg í einstökum tilvikum, eins og síðar hafi komið í ljós. Af þeirri ástæðu hefði hinn æskilegasti frágangur kjarasamningsins verið sá að leggja mat að þessu leyti á öll þekkt námskeið, sem rafeindavirkjar hjá Póst- og símamálastofnun hafi gengist undir.

Á því sé vakin athygli, að í kjarasamningnum hafi mati á námskeiðum ekki verið skotið til sameiginlegrar umfjöllunar aðila síðar. Ekki verði séð, að á þeim tíma hafi verið neinn vafi uppi um innihald samningsákvæðisins.

Í framhaldi af því hafi Póst- og símamálastofnun og fjármálaráðuneytið lagt sitt mat á námskeiðin, þ.e. hver þeirra geti talist veita *framhaldsmenntun* í merkingu kjarasamningsins og hver ekki. Það beri þeim að gera skv. samningnum. Ekki liggi fyrir, að röng eða á nokkurn hátt ómálefnaleg sjónarmið hafi ráðið þar niðurstöðu. Ítrekaðar tilraunir hafi engu að síður verið gerðar til að ná samkomulagi við RSÍ um þetta mat.

Reglur um viðurkenningu námskeiða komi fram í bréfi formanns samninganefndar ríkisins til Pósts og síma, dags. 7.12. 1987, sem samið sé í framhaldi af samningafundi með RSÍ um málið. Tvenns konar viðmiðun sé þar lögð til grundvallar eftir því, hvort námskeið sé á vegum Endurmenntunarskóla RSÍ eða Póst- og símamálastofnunar.

a. Námskeið á vegum Endurmenntunarskóla RSÍ er viðurkennt, ef það nýtist rafeindavirkjum í starfi, enda hafi því lokið með prófi eða öðrum fullnægjandi hætti, s.s. verklegri æfingu.

b. Sé námskeið á vegum Póst- og símamálastofnunar, ræðst það af mati stofnunarinnar sjálfrar, hvort námskeið sé þess eðlis, að það teljist veita framhaldsmenntun. Við það mat er ekki viðurkennt námsefni, sem nú er orðið hluti af því námsefni eða kröfum, sem gerðar eru til veitingar starfsréttinda. Þess er ekki krafist, að þessum námskeiðum ljúki með prófi eða á annan sambærilegan hátt, andstætt þeim námskeiðum, er greinir undir a-lið að framan.

Í kjarasamningnum segi beinlínis, að námskeiðum skuli hafa

lokið með prófi eða öðrum fullnægjandi hætti. Póst- og símamálastofnun hafi í raun fallið frá því skilyrði, að því er varðar námskeið, er hún heldur sjálf eða eru á hennar vegum, sbr. b-lið að framan. Þessi framkvæmd sé rafeindavirkjum að sjálfsögðu til hags. Með þessu sé þeim veittur betri réttur en þeir eiga skv. kjarasamningunum. Þannig hafi allmargir rafeindavirkjar komist í 3. launaflokk, þótt skilyrði bókunar nr. 5, um, að námskeið hafi lokið með prófi o.s.frv., sé í raun ekki fullnægt.

Á dskj. nr. 10 komi fram enn eitt atriði, sem rétt sé að vekja athygli á. Þar segi, að námskeið á vegum Póst- og símamálastjórnar, er veittu meistararéttindi í rafeindavirkjun, teljist ekki viðbótarmenntun í skilningi bókunar nr. 5.

Með þessu sé til þess vísað, að almennt geti rafeindavirkjar hlotið meistararéttindi við þriggja ára starfstíma sem iðnsveinar. Til að öðlast meistararéttindi þurfi almennt ekki lengur próf. Eldra fyrirkomulag var að þessu leyti gjörólíkt. Rafeindavirkjun varð löggild iðngrein árið 1981. Þá var stept í eina grein, þ.e. rafeindavirkjun, þrem eldri faggreinum, sem voru símavirkjun, útvarpsvirkjun og skriftvélavirkjun. Til að verða símavirkjameistarar gátu menn sótt námskeið. Gamla símavirkjanáminu var haldið við með heimild Iðnfræðsluráðs allt til ársins 1986. Menn gátu þá stundað nám sem símavirkjar hjá Póst- og símamálastofnun, en útskrifast sem rafeindavirkjar.

Það, sem hér hefur verið sagt, tengist því, að áður var sóknaraðili Ágúst Victorsson og aðrir rafeindavirkjar hjá Pósti- og síma félagsmenn í Félagi íslenskra símamanna. Breyting þar á varð á árunum 1985 til 1986, er ýmsir þeirra gengu yfir í RSÍ. Samkvæmt kjarasamningum FÍS hækkuðu menn í launaflokki við símavirkjameistararéttindi. Námskeið, sem að baki þeim réttindum stóðu, nýttust þannig skv. kjarasamningi FÍS til launaflokkshækkunar. Þetta átti við um Ágúst Victorsson. Það gera námskeiðin hins vegar ekki skv. kjarasamningi RSÍ. Rafeindavirkjar hjá Póst- og símamálastofnun eru ýmist í RSÍ eða FÍS. Kjarasamningarnir eru því hvorir með sínu móti að þessu leyti.

Nákvæmari orðun á dskj. nr. 19 hefði verið sú, að ef námskeið er þáttur í meistaraprófi, falli það ekki undir viðbótarmenntun í skilningi bókunar nr. 5. Þetta á fyrst og fremst við um námskeiðin, sem stóðu á bak við gömlu símsvirkjameistararéttindin.

Vikið skal aftur að þeim greinarmun, sem Póst- og símamálastofnun hefur gert á annars vegar námskeiðum Endurmenntunarskóla RSÍ og hins vegar námskeiðum stofnunarinnar sjálfrar. Hin efnislegu rök byggjast á því, að þarna er almennt nokkur munur á. Almennt má halda því fram með rökum, að endurmenntunarskóli RSÍ sé meira sett upp sem teóriunámskeið eða fagnámskeið. Andstætt því séu námskeið Póst- og símamálastofnunar almennt mun nær því að vera tækjaþjálfunarskeið.

Í samræmi við þetta hefur í raun verið fallist á, að öll námskeið frá Endurmenntunarskólanum veiti *framhaldsmenntun* í merkingu kjarasamningsins. Þau verða þó að hafa náð 40 tíma lágmarkinu hvert og vera utan við meistararéttindastigið í einstökum tilvikum. Engu námskeiði á vegum Endurmenntunarskólans hefur verið vísað frá vegna þess, að það hafi ekki „nýst í starfi“, sbr. orðalag á dskj. nr. 10. Öllum námskeiðum þaðan lýkur í raun með prófi eða verklegri æfingu. Niðurstaðan er því sú, að öll námskeið, sem rafeindavirkjar hafa framvísað frá Endurmenntunarskólanum, hafa verið viðurkennd með þeim fyrirvörum, sem að ofan greinir.

Námskeið Ágústs Victorssonar hafa verið metin skv. öllum þeim sjónarmiðum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Að því verður nú vikið.

Þess skal getið, að Ágúst hlaut sveinsréttindi í rafeindavirkjun 1. maí 1984. Hann hafði þannig þriggja ára sveinsréttindi 1. maí 1987.

Á dskj. nr. 33 hefur Póst- og símamálastofnun tínt til öll námskeið, sem Ágúst hefur sótt. Þar eru tvö námskeið, sem ekki eru tilgreind í stefnu og engar kröfur gerðar fyrir. Hann telur þannig ekki upp öll námskeið, sem hann hefur tekið. Þau koma því ekki til sérstakrar umfjöllunar. Í þessu, verður þó að ætla, að felist óbein viðurkenning á því, að einungis sum námskeið, en ekki öll, eigi að koma til við mat á viðbótarmenntun skv. kjarasamningnum.

Námskeið, sem Ágúst Victorsson hefur sótt, eru sjö talsins.

1. Fyrsta námskeiðið er Telenorma TR:40 Það sótti Ágúst árið 1983, þ.e. áður en hann fékk sveinsréttindi. Varla getur þetta námskeið talist framhaldsmenntun í hans tilviki.

Um þetta námskeið gildir að öðru leyti það, að það er ekki

viðurkennt sem framhaldsmenntun. Þetta er námskeið í meiri háttar tækjabúnaði. Því fylgja engin ný fræði, einungis þau, sem menn læra í sínu námi.

2. Næsta námskeið er EB FOX-símakerfi.

Um það gildir allt hið sama og námskeið undir a-lið hér að framan. Það er ekki heldur metið sem framhaldsnám.

3. Þriðja námskeiðið á dskj. nr. 33 er Alcatel-námskeið. Það námskeið er ekki tilgreint í stefnu og engar kröfur gerðar fyrir það. Þegar af þeirri ástæðu þarfnast það ekki frekari umfjöllunar.

4. Fjórða námskeiðið er EB FOX-símstöðvar. Það námskeið er metið að hálfu sem framhaldsmenntun.

Efni þessa námskeiðs er með þeim hætti, að það er u.þ.b. að helmingi teoría, en hinn hlutinn tækjapjálfun eða upprifjun á gömlu námsefni til að öðlast sveinsréttindi. Á þessu blaði er námskeiðið metið til 25 tíma. Til að gæta ýtrustu nákvæmni hefði átt að meta það á 22½ tíma. Þarna hefur Ágúst verið látinn njóta vafans um það, hvort nákvæmlega helmingur námskeiðsins sé teoría eða örlítið meira.

5. Fimmta námskeiðið er „Landi og Gyr. kortasjálfsalar“.

Þetta námskeið er ekki tilgreint í stefnu og engar kröfur fyrir það gerðar. Umfjöllun um það er því óþörf. Að öðru leyti eiga við um það sömu athugasemdir og um námskeið undir a-lið.

- 6.-7. Síðustu námskeiðin eru Alcatel-símstöðvanámskeið og tölvunámskeið úr Rafiðnaðarskólanum (Endurmenntunarskóli RSÍ).

Eins og kemur fram á dskj. nr. 33 hafa þessi tvö námskeið í tilviki Ágústs verið metin sem liður til símvirkjameistaraprófs. Af þeirri ástæðu hafa þau ekki verið viðurkennd í skilningi bókkunar nr. 5 sem framhaldsnám til launaflokkahækkunar.

Samkvæmt öllu ofansögðu sé ljóst, að því fari víðsfjarri, að Ágúst Victorsson hafi sótt námskeið, sem fullnægi skilyrðum bókkunar nr. 5 í margnefndum kjarasamningi og séu að lágmarki 160 tímar. Af þeim námskeiðum, sem tilgreind eru í stefnu og krafa er gerð fyrir, sé einungis unnt að viðurkenna námskeiðið undir c-lið, þar sem kennslustundafjöldi sé 25. Hann uppfylli engan veginn skilyrði til að njóta 3. launaflokks kjarasamnings aðila.

Stefndu vísa og í framburði hér fyrir dómi.

Þorvarður B. Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Pósti og síma, hafi lýst námskeiðum þeim, sem Ágúst Victorsson hafi sótt, og leggi til grundvallar stefnukröfu sinni. Námskeiðin í liðum a og b í stefnu séu tækjanámskeið, þ.e. eingöngu ætluð til þess að læra á þessi tilteknu tæki, og feli því ekki í sér framhaldsmenntun. Auk þess sé gerðin í a-lið orðin hálfúrelt og hafi ekki verið keypt nú í nokkur ár. Hann hafi einnig talið námskeiðið í lið c vera tækjanámskeið, en af hálfu stefndu hafi það þó að hálfu verið metið sem framhaldsnám.

Guðmundur Gunnarsson, formaður Félags rafvirkja og skólastjóri Endurmenntunarskóla RSÍ, hafi lýst námskeiðum á vegum skólans. Þau séu ekki tækjapjálfunarnámskeið, en að hálfu leyti fyrirlestrar og að hálfu verklegar æfingar í framhaldi af fyrirlestrunum. Þeim ljúki með lokaverkefnum, en ekki með prófi.

Stefndu benda og á orðalag gr. 2.2. og að í 3. flokk komi „rafiðnfræðingar“ o.s.frv. Menntun rafiðnfræðinga sé sveinspróf í rafeindavirkjun og auk þess tveggja ára nám í tækniskóla, og þetta hljóti að eiga að bera saman við aðra þá, sem nefndir séu í þessari grein. Þarna sé komið að kjarna málsins, að til viðbótar við sveinsprófið í iðngreininni þurfi að koma til *framhaldsnám* og að ekki hafi verið ætlunin að launaflokkahækkun þessi skyldi ná yfir alla línuna, heldur einungis til þeirra, sem hefðu framhaldsnám til viðbótar grunnnáminu. Samningsákvæði þetta hafi átt að vera hvetjandi, til þess að menn öfluðu sér frekari menntunar í iðn sinni, og sérstök námskeið séu til þess fallin, en önnur ekki. Starfsmenn Pósts og síma séu iðulega sendir á námskeið í vinnutíma, kostaðir af vinnuveitandanum, til þess að læra á ný tæki, og slíkt sé ólíkt framhaldsmenntun, sem menn afli sér af faglegum metnaði.

III.

Dómurinn lítur svo á, að námskeið, sem sótt eru, áður en sveinsprófi í iðngrein er lokið, geti ekki talist framhaldsmenntun í skilningi bókunar 5 í kjarasamningi aðila frá 30. maí 1987.

Ágreiningslaust er með aðilum, að námskeið þau, sem greinir í kröfufili 1 í stefnu a og b, séu tækjanámskeið fyrir þessi sérstöku tæki. Ber að fallast á með stefndu, að námskeið þessi falli ekki undir bókun 5 í kjarasamningi aðila, þar sem ekki er unnt að

telja slíka tækjaþjálfun til framhaldsmenntunar. Ber því að undanskilja þau frá þessu ákvæði samningsins.

Aðilar eru sammála um, að námskeið í liðum c, d og e feli í sér framhaldsmenntun. Verður ekki talið, að orðalag bókunar 5 feli í sér heimild til annars aðilans að ákveða einhliða, að námskeið þessi skuli ekki metin að fullu. Ekki verður heldur fallist á með stefndu, að undanskilja beri þau námskeið Ágústs Victorssonar, sem hann fékk metin sem meistaraþróf.

Samkvæmt þessu verður að telja, að Ágúst Victorsson uppfylli ekki að fullu skilyrði greinar 2.2. og bókunar 5 í kjarasamningi aðila til að njóta þriðja launaflokks, og ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samgöngu-ráðherra vegna Póst- og símamálastofnunar, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Raf-iðnaðarsambands Íslands vegna Ágústs Victorssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Björns Helgasonar og Viðars Más Matthíassonar.

Ágreiningur málsaðila snýst um það, hvort námskeið þau, er Ágúst Victorsson hefur sótt og tilgreind eru í kröfugerð stefnanda, teljist framhaldsmenntun í skilningi bókunar nr. 5, sem fylgdi kjarasamningnum frá 30. maí 1987.

Við erum sammála meiri hluta dómenda um, að námskeið, sem Ágúst Victorsson sótti, áður en hann lauk sveinsprófi, geti ekki talist framhaldsmenntun í skilningi ofangreindrar bókunar. Ágúst lauk sveinsprófi í maí 1984. Námskeið það, sem tilgreint er í staflíð a í kröfugerð stefnanda og óumdeilt er, að lokið var á árinu 1983, telst því ekki framhaldsmenntun.

Af hálfu stefndu er því ekki andmælt, að Ágúst Victorsson hafi lokið námskeiðum þeim, sem tilgreind eru í staflíðum b og e í kröfugerð stefnanda, og að tímafjöldi sé þar réttilega tilgreindur.

Þá er því ekki heldur andmælt, að námskeið þessi nýtist Ágústi í starfi í iðngreininni.

Hvorki orðalag bókunar nr. 5 né aðdragandi að tilvist hennar gefa tilefni til þeirrar túlkunar, að greint sé milli fræðilegrar framhaldsmenntunar annars vegar og verklegrar framhaldsmenntunar hins vegar eða viðhöfð sé önnur slík greining á námskeiðum þeim, sem kröfugerð stefnanda byggist á.

Við teljum því, að engin slík rök séu til að telja, að eitthvert þeirra fjögurra námskeiða, sem tilgreind eru í staflíðum b til e í kröfugerð stefnanda, falli utan bókunar nr. 5.

Við teljum því, að fallast beri á þá kröfu stefnanda, að Ágúst Victorsson eigi rétt til eins launaflokks hækkunar og taki því frá og með 1. maí 1987 laun samkvæmt launaflokki 3 í tl. 2.2. í ofangreindum kjarasamningi.

Við erum sammála málskostnaðarákvörðun meiri hluta dómenda. Í samræmi við framanritað verður því dómsorð okkar þannig:

D ó m s o r ð:

Ágúst Victorsson á rétt til eins launaflokks hækkunar frá og með 1. maí 1987 og tekur því frá og með þeim degi laun samkvæmt 3. flokki í tl. 2.2. í kjarasamningi milli Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélags rafvirkja og rafeindavirkja annars vegar og Vinnumálanefndar ríkisins hins vegar.

Málskostnaður fellur niður.
